
Jóhanna María Sigmundsdóttir

(Hovedindlæg)

Forseti, ráðherrar, þingmenn og gestir. Ég kem hingað upp til að tala fyrir áætlun um sjálfbæra norræna velferð og vísa hér með til skjals nr. 9. Upphaf þessarar áætlunar má rekja til ályktunar forsætisnefndar frá 10. júní 2012 en þá lagði nefndin fyrir heilbrigðisráðherra að skoða og gefa innsýn í norrænt samstarf í tilraunum með ný lyf, meðferðarúrræðum, sérhæfðum aðgerðum og rannsóknum. Verkefnið byrjaði í janúar á þessu ári og gengur út á að finna nýjar lausnir til endurnýjunar hins norræna velferðarsamfélags sem telur um 25 milljónir íbúa. Markmiðið er meðal annars að skapa norrænan umræðuvettvang og skiptast á þekkingu. Þessi vinna er ekki síður ætluð til að styrkja gæði og jafnræði í menntun og starfi er viðkemur velferð. Þetta verkefni sýnir að Norðurlöndin eru tilbúin að taka mikla ábyrgð á sjálfum sér og opna fyrir það að reyna að gera enn betur til þess að styrkja sig sem velferðarlönd. Eftir aðeins nokkurra mánaða vinnu í áætluninni liggja mörg verkefni fyrir sem vel hefur verið tekið í um öll Norðurlönd og sýnir það kannski nauðsyn þess að endurskoða kerfið til að standa betur að velli, koma í veg fyrir stöðnun og betrubæta í takt við þá þróun sem á sér stað innan velferðargeirans um allan heim. Forsætisnefnd leggur mikla áherslu á verkefni sem auka virkni einstaklingsins í samfélaginu, bæði á vinnumarkaði sem og í hinu daglega lífi. Þau verkefni snúa meðal annars að greiningu á þeim þáttum er varða ungt fólk sem hættir námi, að auka kunnáttu og menntun á vinnustað, sem hægt væri að kalla símenntun, og greina norræna velferðarmódelið. Nefndin leggur einnig áherslu á margvíslegar rannsóknir og að halda fólki sem starfar við umönnun við vinnu og halda velferðarkerfinu þannig gangandi hér á Norðurlöndum. Fjárfesting í velferð er öllum í hag en hún verður að vera

skipulögð eins og við erum að reyna að gera hér og ég vonast til að fá samþykki fyrir vinnu velferðarnefndar.

Skandinavisk oversettelse

Præsident, ministre, parlamentarikere og gæster. Jeg står her på talerstolen for at redegøre for programmet 'Holdbar nordisk velfærd', hvor jeg henviser til dokument 9. Baggrunden for programmet var præsidiets erklæring fra den 10. juni 2012, hvor sundhedsministrene blev anmodet om at se efter og give et indblik i det nordiske samarbejde om afprøvning af nye lægemidler og behandlinger, højt specialiserede funktioner samt forskning.

Programmet, som blev søsat i januar i år, går ud på at finde innovative løsninger med henblik på at forny de nordiske velfærdsamfund for Nordens 25 millioner indbyggere. Målet er bl.a. at skabe en nordisk platform for dialog og udveksling af viden. Hensigten med dette arbejde er ikke mindst at bidrage til øget kvalitet og ligestilling i uddannelse samt det arbejde, der vedrører velfærd. Programmet viser, at de nordiske lande er parate til at tage et stort ansvar for sig selv og åbne op for at bestræbe sig endnu mere på at styrke sig selv som velfærdslande. Blot få måneder efter programmets start foreligger der allerede mange projekter, som man følger godt op på i hele Norden. Det vidner måske om et behov for at revidere systemet for at kunne stå endnu bedre, forebygge stagnation og foretage forbedringer i takt med den udvikling, der finder sted inden for velfærdssektoren i hele verden. Præsidiet lægger stor vægt på projekter, som øger individets aktive samfundsdeltagelse på arbejdsmarkedet såvel som på andre områder i det daglige liv. Disse projekter består bl.a. i at analysere de faktorer, der vedrører unges dropout, at øge viden og uddannelse på arbejdspladserne – det man kunne kalde livslang læring – og at analysere den nordiske velfærdsmodel. Præsidiet lægger også vægt på flere former for forskning og at beholde omsorgspersonale for dermed at holde det nordiske velfærdssystem kørende. Investeringer i velfærd er til gavn for alle, men de må foretages med omtanke, som det er tilfældet her, og det er min forhåbning, at Velfærdsudvalgets indsats bliver vedtaget.

Informasjon

Tale nummer

70

Type

Hovedindlæg

Person

[Jóhanna María Sigmundsdóttir](#)

Speaker role

Midtergruppens talsperson

Dato

30.10.13 11:19

Sak

[Ministerrådsforslag om strategi for nordisk samarbejde på social- og sundhedsområdet](#)